



Stytting vinnuvikunnar hjá Akraneskaupstað

- Tillaga um framkvæmd -

Tilurð verkefnis

Þann 13. mars 2018 lagði þáverandi bæjarfulltrúi Ingibjörg Pálmadóttir fram tillögu í bæjarstjórn Akraness þess efnis að fela sviðsstjórum Akraneskaupstaðar að leita leiða og koma með tillögu til að stytta fjölda vinnustunda starfsmanna bæjarins og eða gera vinnutíma starfsmanna sveigjanlegri. Í tillögu Ingibjargar kom fram að ekki ætti að stofna til umtalsverðar viðbótakostnaðar fyrir bæjarsjóð og ætti markmið verkefnisins að vera að auka starfsánægju, bæta lífsgæði og fækka veikindadögum. Bæjarstjórn Akraness samþykkti að vísa tillögu Ingibjargar til bæjarráðs.

Þann 15. mars 2018 tók bæjarráð tillögu Ingibjargar fyrir og taldi bæjarráð að mikilvægt væri að afla upplýsinga um fyrirliggjandi tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg og fól bæjarstjóra úrvinnslu málsins. Þann 28. mars tók bæjarráð á móti Magnúsi Má Guðmundssyni borgarfulltrúa þar sem hann kynnti verkefni borgarinnar um styttingu vinnuvikunnar. Að kynningu lokinni tilnefndi bæjarráð bæjarfulltrúana Ólaf Adolffsson og Ingibjörgu Pálmadóttur í starfshóp um verkefnið ásamt Valgerði Janusdóttur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og Sædísí Alexíu Sigurmundsdóttur verkefnastjóra á stjórnsýslu- og fjármálasviði. Unnið var að erindisbréfi fyrir starfshópinn sem bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 26. apríl 2018.

Starfshópur um styttingu vinnuvikunnar

Fyrsti fundur starfshóps um styttingu vinnuvikunnar var haldinn þann 17. maí 2018. Farið var yfir erindisbréf starfshópsins, öflun upplýsinga, mælingar sem eru til staðar í dag og snerta verkefnið, heimsóknir til annarra og fræðslu um verkefnið og hugsanlega framkvæmd þess. Starfsmenn starfshópsins tóku að sér að setja verkefnið betur upp og greina það m.t.t. þeirra verkþátta sem þyrfti að skoða vel ef af yrði. Verkþættirnir voru eftirfarandi:

- Viðverkerfi Akraneskaupstaðar, Tímon. Skoða hvað kerfið býður upp á hvað varðar upplýsingar og samantekt um veikindi og aðrar fjarvistir.
- Mælikvarðar og greiningar. Skoða hvaða mælingar Akraneskaupstaður á til samanburðar í dag og hvaða mælingar þarf að bæta við sem hafa beina snertingu við verkefnið. Skoða hugsanlegt samstarf við utanaðkomandi aðila til mælinga og skýrslugerðar.
- Skipuleggja heimsókn til Reykjavíkurborgar.



- Fjárveiting til afleysinga. Skoða mismunandi samsetningu að fjárveitingu, m.a. 100% afleysing, afleysing að hluta til eða stofna sjóð sem úthlutað er sérstaklega úr m.v. ákveðna reiknireglu.
- Verklagsreglur um verkefnið og umsóknareyðublað.

Vegna bæjarstjórnarkosningar varð hlé á vinnu í verkefninu og í kjölfar niðurstöðu þeirra kosninga voru gerðar mannabreytingar á pólitísk kjörnum fulltrúum hópsins þann 12. júlí 2018. Elsa Lára Arnardóttir og Einar Brandsson tóku sæti í hópnum í stað Ingibjargar og Ólafs. Í sama mánuði var starfshópnum boðið á kynningarfund til Reykjavíkurborgar. Viðstödd þann fund voru Elsa Lára, Valgerður og Sædís ásamt Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Önnu Guðmundsdóttur starfsmannastjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn reyndist starfshópnum afar vel og í kjölfarið fékk starfshópurinn send gögn úr verkefni Reykjavíkurborgar sem nýtist vel við gerð tillögu og við framkvæmd verkefnisins.

Vegna sumarorlofa hittist hópurinn ekki fyrr en þann 12. september 2018 og var þar m.a. farið yfir heimsóknina til Reykjavíkurborgar og þau gögn sem starfshópurinn fékk afhent. Næsti fundur var 24. september 2018 þar sem farið var yfir umsóknareyðublað og drög að verklagsreglum fyrir verkefnið ásamt minnispunktum og tímalínu verkefnisins sem starfsmenn starfshópsins tóku saman. Þann 23. október fundaði starfshópurinn í síðasta skiptið og vann að tillögugerð þessari.

Vert er að taka það fram að starfshópurinn telur nauðsynlegt að lagt sé fjármagn til verkefnisins svo að á grundvelli jafnræðis geta allar stofnanir sótt um. Hjá Reykjavíkurborg kom það skýrt fram að nokkrir annamarkar séu á þróun verkefnisins þar sem til að mynda stofnanir á skóla- og frístundasviði gætu takmarkað sótt um vegna ákveðna gæða- og öryggisviðmiða sem skólar þurfa að framfylgja. Afleysing er því á nokkrum sviðum mjög nauðsynleg.

Tillaga starfshópsins

Starfshópurinn leggur eftirfarandi tillögur fram til samþykktar í bæjarráði:

1. Lagt er til að Akraneskaupstaður fari af stað með verkefnið „Stytting vinnuvikunnar“. Starfshópurinn leggur jafnframt til að styttingin nemi þremur klukkustundum miðað við 100% starf, sbr. 5. gr. reglna um framkvæmd styttingu vinnuvikunnar (fylgiskjal 1.)
2. Í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaður verður settur á laggirnar sérstakur sjóður að fjárhæð 10,0 m.kr. til verkefnisins. Sjóðurinn er til þess að mæta kostnaði vegna afleysinga hjá þeim stofnunum sem þurfa að kalla til afleysingu til þessa að tryggja að öryggisviðmiðum á vinnustöðum sé gætt. Úthlutun fjármagns skýrist þegar umsóknarfresti lýkur og er það bæjarráð sem hefur úthlutunarvaldið að fenginni tillögu stýrihóps verkefnisins, sbr. tillaga nr. 6.



3. Í auglýsingu eftir þátttöku, sbr. tillaga nr. 5, skal skýrt tekið fram að ekki verður hægt að koma að fullu til móts við afleysingapörf. Gert er ráð fyrir því að þeir vinnustaðir sem sækja um rýni alla möguleika til að taka þátt í verkefninu á mikils tilkostnaðar og jafnframt í sumum tilvikum án nokkurs tilkostnaðar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að stýrihópur hitti fulltrúa allra umsækjenda og fara með þeim yfir möguleika á framkvæmdinni og aðstoði ef þess þarf. Á þessum stigum er ekki ákveðið hvað margar stofnanir taki þátt í fyrsta fasa, heldur verður slíkt að ráðast af umsóknum.
4. Efnt verður til samstarfs við Rannsóknarsetur Háskólans á Bifröst (fylgiskjal 2). Kostnaður vegna samtarfsins nemur samtals 2,5 m.kr. sem kæmi til viðbótar við fjármagn í tillögu eitt. Hlutverk setursins verður eftirfarandi:
 - a. Annast framkvæmd og úrvinnsla á spurningakönnun meðal starfsmanna hjá þeim stofnunum sem taka þátt í verkefninu. Mælt væri fjórum sinnum á næstu tveimur árum, m.a. í upphafi verkefnisins. Markmið með þessari könnun væri að mæla áhrif styttingu vinnudagsins á heilsu, líðan, starfsanda og þjónustu.
 - b. Úrvinnsla úr gögnum úr viðverukerfi Akraneskaupstaðar. Unnar verða tölfraeðiupplýsingar er varða veikindi, starfsmannaveltu, aðrar fjarvistir og aðrar breytur sem hafa áhrif. Vinnslan færi fram fjórum sinnum á næstu tveimur árum.
 - c. Annast framkvæmd og úrvinnsla á þjónustukönnun notenda hjá stofnunum. Um væri að ræða spurningakönnun sem framkvæmd væri tvisvar sinnum á næstu tveimur árum.
 - d. Annast framkvæmd á könnun meðal stjórnenda eininga. Framkvæmd væri tvisvar á næstu tveimur árum.

Ekki skal útiloka frekara samtarf við rannsóknarsetrið við gerð fleiri rannsókna sem tengjast verkefninu.

5. Lagt er til að verkefnið hefjist 10. janúar 2019. Auglýst verður eftir þátttakendum í desember 2018 og þurfa áhugasamir að sækja um á sérstökum eyðublöðum (fylgiskjal 3). Lagt er til að verkefnið hefjist á þátttökustöðunum formlega 1. mars 2019 og standi tilraunin í tvö ár eða til 1. mars 2021.
6. Stofnaður verður stýrihópur, skipaður yfirmanni mannauðsmála, verkefnastjóra á stjórnsýslu- og fjármálasviði og sviðsstjórum velferðar- og mannréttindasviðs og skóla- og frístundasviðs. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd verkefnisins (fylgiskjal 4.). Helstu verkefni stýrihópsins verða m.a. eftirfarandi:
 - a. Auglýsa eftir þátttakendum í verkefninu og standa að kynningu á verkefninu til stofnana Akraneskaupstaðar.
 - b. Vinna úr umsóknum í verkefnið og leggja fram tillögu til bæjarráðs um þátttakendur og úthlutun fjármagns.
 - c. Vera tengiliður við Rannsóknarsetrið um mælingar og vinnslu og annast skil á gögnum til setursins. Koma með tillögur að framkvæmd annarra mælinga/vinnsla ef þörf krefur.



- d. Skila áfangaskýrslu til bæjarráðs á sex mánaða fresti um árangur verkefnisins. Annast samantekt á öðrum mælingum sem framkvæmdar eru árlega s.s. vinnustaðagreining Akraneskaupstaðar og þjónustukönnun sveitarfélaga og tengja við áfangaskýrslu. Koma þá jafnframt með tillögu ef hægt væri að bæta fleiri stofnunum við í verkefnið frá og með 1. janúar 2020 ef vel gengur með framkvæmdina.

Starfshópur um styttingu vinnuvikunnar

Elsa Lára Arnardóttir (sign), Einar Brandsson (sign)

Valgerður Janusdóttir (sign) & Sædís Alexía Sigurmundsdóttir (sign)

Fylgiskjal 1: Verklagsreglur um verkefnið stytting vinnuvikunnar hjá Akraneskaupstað.

Fylgiskjal 2: Tilboð Rannsóknarseturs Háskólans á Bifröst.

Fylgiskjal 3: Umsóknareyðublað um þátttöku í verkefninu.

Fylgiskjal 4: Drög að erindisbréfi stýrihóps verkefnisins.